

# AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi auglýsir eftir umsóknum

AVS rannsóknasjóður hefur að markmiði að styrkja verkefni, sem stuðla að auknu verðmæti íslensks sjávarfangs og styrkja samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs og fiskeldis. Sjóðurinn auglýsir nú eftir umsóknum í verkefni með þetta að markmiði. Skilafrestur umsókna er til kl. 20, 1. desember 2015. Umsóknum ber að skila rafrænt á netfangið [avs@byggdastofnun.is](mailto:avs@byggdastofnun.is) og breflega á póstfangið **Byggðastofnun v/AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi, Ártorgi 1, 550 Sauðárkrókur**. Vakinn er athygli á því að umsóknum þarf bæði að skila rafrænt og breflega.

## Styrkir sem sjóðurinn veitir falla undir tvo flokka:

### a. Styrkir til rannsókna- og þróunarverkefna

Styrkir til afmarkaðra rannsókna- og/eða þróunarverkefna, sem falla að markmiðum sjóðsins. Veittur er styrkur til eins árs í senn og skal í umsókn gera grein fyrir verkþáttum og fjármögnun. Hver styrkur getur numið allt að átta milljónum króna.

Hægt er að sækja um styrki til umfangsmeiri verkefna (framhaldsverkefna), sem unnin eru á lengri tíma, eða allt að þremur árum, en sækja þarf um styrk á hverju ári. Hafi verkefnið áður verið styrkt, þarf að gera grein fyrir framvindu þess áður en styrkumsókn er afgreidd.

### b. Smá- eða forverkefni

Hægt er að sækja um styrki til smærri verkefna eða til að undirbúa stærri verkefni á sviði rannsókna og/eða þróunar. Styrkupphæð er allt að einni milljón króna og skal verkefnið unnið innan tólf mánaða.

Um alla styrki gildir að framlag sjóðsins má ekki fara fram yfir 50% af heildarkostnaði og sjóðurinn tekur ekki þátt í að styrkja fjárfestingar.

Nánari upplýsingar og umsóknarblað er að finna á heimasíðu sjóðsins [www.avs.is](http://www.avs.is).

**AVS** rannsóknasjóður  
í sjávarútvegi

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi  
starfar á vegum atvinnuvega- og  
nýsköpunarráðuneytisins.